



Lykilupplýsingaskjal - Frjálsi 1

Tilgangur

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Frjálsi 1

Frjálsi lífeyrissjóðurinn kt. 600978-0129.

+354 444 6090,

frjalsi@frjalsi.is

www.frjalsi.is

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 129/1997 og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Lykilupplýsingar þessar miðast við 31. desember 2023.

Þú ert við það að gera samning um afurð sem er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund


Leiðin er ein fjögurra fjárfestingarleiða Frjálsa lífeyrissjóðsins. Leiðin er hluti af Ævilínu sjóðsins sem gengur út á það að inneign sjóðfélaga er flutt á milli Frjálsa 1 og Frjálsa 2 við ákveðinn aldur og svo í Frjálsa 3 við útgreiðslu. Þannig er lögð áhersla á hærri ávöxtun á yngri árum en minni áhættu eftir því sem árin færast yfir og styttest í útgreiðslu.

Markmið

Grunnmarkmið Frjálsa er að veita viðbótartryggingavernd með því að taka við lífeyrisdögildum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu. Í Frjálsa 1 er lögð áhersla á góða langtímaávöxtun m.a. með því að fjárfesta í áhættumeiri eignaflokkum. Skammtímasveiflur í ávöxtun geta verið þó nokkrar. Fjárfest er sameiginlega fyrir iðgjöld allra sjóðfélaga leiðarinnar. Hver og einn sjóðfélagi á þannig hlutdeild í öllum eignum leiðarinnar. Ávöxtun ræðst af markaðsverði eigna og er birt að frádregnum þeim kostnaði sem sjóðurinn ber, skv. töflu á bls. 3. Lögð er áhersla á ábyrgar fjárfestingar með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.

Stefna um eignasamsetningu

Myndin hér að neðan sýnir stefnu um eignasamsetningu leiðarinnar m.v. 1. janúar 2024. Stefnan er endurskoðuð árlega með hliðsjón af þróun sjóðsins og verðbréfamarkaða. Hafa skal í huga að eignasamsetning leiðarinnar getur tekið breytingum yfir árið en þó innan þeirra vikmarka sem skilgreind eru í fjárfestingarstefnu leiðarinnar



Fyrir hvern?

Leiðin Frjálsi 1 er ætluð

sjóðfélögum sem eru 54


ára og yngri og valið hafa Ævilínu og öðrum þeim sem leggja áherslu á góða langtímaávöxtun og þola skammtímasveiflur í ávöxtun. Byggist það viðmið á stefnu um eignasamsetningu leiðarinnar. Þrátt fyrir ofangreint viðmið er öllum frjálst að velja þessa leið óháð aldri. Við val á fjárfestingarleið er m.a. ráðlegt að huga að því hve langt er í útgreiðslu, hver eignastaða sjóðfélaga er og viðhorf til áhættu. Ekki er hægt að segja til um hvaða fjárfestingarleið muni skila hæstu ávöxtun þegar horft er til framtíðar. Þó er almennt talið að hlutabréf ættu að gefa hærri ávöxtun til lengri tíma en skuldabréf og innlán. Ráðlegt þykir að draga úr áhættu í fjárfestingum eftir því sem sjóðfélagi eldist.

Líftími

Líftími inneignar í leiðinni er breytilegur en tímasetning útgreiðslu og flutningur inneignar hefur áhrif á líftímann. Hægt er að fá inneign útgreidda við ýmsar aðstæður, nánar í kaflanum „Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?“. Flutningur inneignar milli fjárfestingarleiða sjóðsins hefur áhrif á líftíma. Hafi sjóðfélagi t.d. valið Ævilínu þá ávaxtast inneign hans í Frjálsa 1 þar til hún flyst sjálfkrafa úr Frjálsa 1 í Frjálsa 2 í fimm árlegum skrefum frá 55 ára aldri. Flutningur inneignar milli sjóða/vörsluaðila sem oft á sér stað samhliða uppsögn hefur sömuleiðis áhrif. Uppsögn veitir ekki rétt til útgreiðslu og hefur því ein og sér ekki áhrif á líftíma.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættumælikvarðinn og helstu takmarkanir hans



Samantekinn áhættuvísir

Samantekinn áhættuvísir er staðlaður áhættumælikvarði fyrir almenna fjárfesta og tekur tillit til markaðsáhættu og eftir atvikum mótaðilaáhættu útgefanda. Í tilviki sjóða með marga undirliggjandi útgefendur og daglegt gengi er litið svo á að mótaðilaáhætta endurspeglar í markaðssveiflum. Í þessari leið er markaðsáhætta því ráðandi. Markaðsáhætta er metin út frá sveiflum í daglegu gengi sl. 5 ár og sett fram sem raðnúmer frá 1 upp í 7 þar sem 1 gefur til kynna minnstu sveiflu en 7 mestar sveiflu. Samantekinn áhættuvísir tekur ekki til annarra áhættuþátta en þeirra sem hér hafa verið taldir upp, s.s. áhættu vegna verðbólgu eða lagaumhverfis. Enn fremur er ekki víst að markaðssveiflur í fortíð endurspeglar markaðssveiflur í framtíð þrátt fyrir sambærilega fjárfestingarstefnu. Inneign er einungis laus til útgreiðslu skv. því sem fram kemur í kaflanum „Hvenær losnar innstæðan?“ Frjálsi 1 er í flokki 3 á áhættumælikvarðanum. Skammtímasveiflur í ávöxtun geta verið þó nokkrar og vænt ávöxtun til lengri tíma er heldur hærri en í áhættuminni leiðum.

Sviðsmyndir um vænta nafnávöxtun og forsendur þeirra

Mánaðarlegt heildariðgjald: 30.000 kr. miðað við 500.000 kr. í mánaðarlaun, 4% iðgjald og 2% móttframlag.				
Sviðsmyndir		1 ár	5 ár	10 ár
Álagssviðsmynd	Möguleg inneign eftir kostnað	292.013	1.560.226	2.930.935
	Meðal ársávöxtun	-37,95%	-5,79%	-4,21%
Óhagstæð niðurstaða	Möguleg inneign eftir kostnað	360.819	2.038.196	4.922.188
	Meðal ársávöxtun	0,50%	5,08%	6,19%
Vænt niðurstaða	Möguleg inneign eftir kostnað	374.565	2.238.493	5.671.393
	Meðal ársávöxtun	8,97%	8,94%	8,93%
Hagstæð niðurstaða	Möguleg inneign eftir kostnað	388.833	2.463.538	6.564.359
	Meðal ársávöxtun	18,01%	12,91%	11,73%
Uppsöfnuð iðgjöld án ávöxtunar		360.000	1.800.000	3.600.000

Sviðsmyndirnar taka ekki tillit til verðbólgu þar sem um nafnávöxtun er að ræða. Hafa skal í huga að áherslubreytingar yfirvalda þ.m.t. breytingar á skattalöggjöf heimaríkis geta haft áhrif á raunverulega útgreiðslu og skattalega stöðu fjárfestis. Við útgreiðslu er greiddur tekjuskattur í samræmi við þau skattalög sem gilda á hverjum tíma.

Yfirlit yfir sögulega ávöxtun Frjálsa 1 m.v. 31.12.2023.

	Sl.12 mán	2022	2021	2020	2019	2018	2017	Sl. 5 ár	Sl. 10 ár	Sl. 15 ár
Nafnávöxtun	8,30%	-7,50%	17,40%	14,10%	15,40%	4,40%	6,90%	9,10%	7,50%	8,60%
Raunávöxtun	0,30%	-15,40%	12,00%	10,20%	12,40%	1,10%	5,00%	3,30%	3,60%	4,30%

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Við útreikning er tekið tillit til gjalda og þóknana. Árangur sjóðsins er reiknaður í íslenskum krónum.

Hvað gerist ef Frjálsi lífeyrissjóðurinn getur ekki greitt út úr Frjálsa 1?

Ef Frjálsi lífeyrissjóðurinn getur ekki greitt út úr Frjálsa 1 getur sjóðfélagi orðið fyrir fjárhagslegu tapi. Inneign sjóðfélaga í Frjálsa 1 nýtur ekki tryggingarverndar af hálfu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta eða annarra lögbundinna tryggingakerfa.

Hver er kostnaðurinn?

Mánaðarlegt heildariðgjald: 30.000 kr. miðað við 500.000 kr. í mánaðarlaun, 4% iðgjald og 2% móttframlag.			
Kostnaðarsviðsmyndir	1 ár	5 ár	10 ár
Heildarkostnaður	927 kr	31.624 kr	173.807 kr
Áhrif á árlega ávöxtun	0,58%	0,58%	0,58%
Eftirfarandi kostnaður er fastur og hefur því ekki áhrif á árlega ávöxtun.			
Einskiptiskostnaður	Flutningskostnaður milli fjárfestingarleidda Frjálsa	0%	Kostnaðurinn sem fylgir því að flytja inneign úr Frjálsa í sambærilega sjóði.
	Flutningskostnaður úr Frjálsa	5.000 kr.	
Eftirfarandi hlutföll sýna áhrif mismunandi kostnaðarliða á árlega ávöxtun .			
Endurtekinn kostnaður	Kaup- og sölubóknarir vegna verðbréfavíðskipta	0,00%	Kostnaður sem fellur til þegar eign er keypt eða seld.
	Vörslubóknun	0,02%	Vörslubóknun er reiknuð á stöðu safna á hverjum degi. Vörslubóknun er keyrð á vörslusöfn um hver mánaðamót. Lágmarksbóknun er reiknuð út á 3ja mánaða fresti. Vörslubóknun er gjaldfærð á vörslusöfn árlega.
	Umsýslubóknun til rekstraraðila	0,17%	Beinar umsýslubóknarir til að greiða kostnað við rekstur fjárfestingarleidarinnar.
	Áætluð og reiknuð óbein fjárfestingargjöld	0,31%	Fjárfestingakostnaður er breytilegur eftir eignum og eignaflokkum og þar með er uppgæfið kostnaðarhlutfall breytilegt eftir eignasamsetningu sjóðsins. Sjá má fjárfestingarkostnað hvers eignaflokks í fjárfestingarstefnu sjóðsins.
Annar rekstrarkostnaður	0,03%	Annar tilfallandi kostnaður sem er nauðsynlegur við	

Kostnaðarhlutföll byggjast á útreikningi síðasta endurskoðaða ársreiknings. Hafa skal í huga að kostnaður á það til að breytast lítillega frá ári til árs. Svíðsmyndir heildarkostnaðar taka tillit til alls endurtekings kostnaðar.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Hvenær losnar innistæðan?

Almennt getur inneignin orðið laus vegna aldurs, örorku eða andláts sjóðfélaga, byggt á 11. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frá 60 ára aldri er inneign laus til útgreiðslu, ásamt vöxtum, þó ekki fyrr en tveimur árum eftir greiðslu fyrsta iðgjalds. Við 10% örorku eða meira getur sjóðfélagi óskað eftir útgreiðslu, þó ekki fyrr en tveimur árum eftir greiðslu fyrsta iðgjalds og skulu greiðslur að lágmarki dreifast jafnt á sjö ár vegna 100% örorku. Deyi réttihafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti réttihafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Auk þessa er hægt að ráðstafa viðbótariðgjöldum skattfrjálst vegna íbúðakaupa, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skattfrjálstu úrræðin eru tvö þ.e. „tíu ára úrræðið vegna kaupa á fyrstu íbúð“ og „almenna úrræðið til annarra íbúðakaupa“. Í úrræðunum er hægt að óska eftir eingreiðslu húsnæðissparnaðar við kaup á íbúðarhúsnæði og reglulegri ráðstöfun inn á lán. Nánar á vef [RSK](#). Áhrif skammtímasveiflna geta aukist ef inneign er innlest af öðrum ástæðum en aldri, vegna breytinga á áætluðum líftíma. Viðbótarkostnaður vegna þessara úrræða er enginn.

Uppsagnartími

Hægt að segja upp samningi um viðbótarsparnað með tveggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og undirrituð af sjóðfélagi. Uppsögn veitir ekki rétt til útgreiðslu inneignar. Frjálsi lífeyrissjóðurinn getur ekki sagt upp samningi við sjóðfélagi.

Umþóttunartími

Undirritun sjóðfélaga á samningnum skuldbindur hann ekki fyrr en fjórtán dögum frá gerð samnings. Þetta kallast umþóttunartími og er sjóðfélagi heimilt að falla frá samningi innan þess frests.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun til Frjálsa lífeyrissjóðsins í gegnum síma og tölvupóst:

+354 444 6090
frjalsi@frjalsi.is

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um útgreiðslur og fleira á www.frjalsi.is.